

FW: Ein mynd - 6 orð Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn 10. okt

Til : Hildigunnur Árnadóttir;Hildur Benediktsdóttir;Guðjón Erling Friðriksson
Frá : Stefanía Helga Bjarnadóttir
Heiti : FW: Ein mynd - 6 orð Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn 10. okt
Málsnúmer : 1909255
Málsaðili : Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn
Skráð dags : 18.09.2019 08:33:11
Höfundur : Stefanía Helga Bjarnadóttir

From: mynd 10 okt

Sent: þriðjudagur, 17. september 2019 11:56

To: velferd@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; Garðabær ; akureyri@akureyri.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is

Subject: Ein mynd - 6 orð Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn 10. okt

Kæra samferðafólk,

Haldið verður upp á Alþjóða geðheilbrigðisdaginn þann 10. október næstkomandi. Hátíðardagskrá í tilefni dagsins verður að þessu sinni í Salnum í Kópavogi frá klukkan 17:00 til 19:00 fimmtudaginn 10. október og eru allir velkomnir. Dagskrá dagsins má finna inn á www.10okt.com.

Í ár er markmið dagsins um allan heim að vekja athygli á mikilvægi sjálfsvígsforvarna og gildi forvarnarstarfs í að hjálpa og styðja aðila sem þurfa á fjölpætttri aðstoð að halda til að komast í gegnum erfiða tíma á lífsleiðinni. Alþjóðlegi sjálfsvígsforvarnardagurinn (WSPD) og Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn (WMHD) standa nú saman að mánaðarlangri vitundarvakningu um gildi sjálfsvígsforvarna með áherslu á geðræk, samstarf og samvinnu.

Af þessu tilefni viljum við í undirbúningshóp fyrir hátíðardagskrá 10. október útbúa stutt myndband með myndum frá notendum, fagaðilum, úrræðum, félagasamtökum og öllum þeim sem vilja standa með okkur í forvörnum gegn sjálfsvígum og vekja athygli á mikilvægi þeirra. Myndbandið verður sýnt á hátíðardagskrá í Salnum og birtist jafnframt á samfélagsmiðlum.

Við hvetjum alla til að senda inn mynd með 6 orðum sem geta hjálpað og verið forvörn gegn sjálfsvígum á netfangið mynd@10okt.com fyrir 1. október 2019. Orðin geta verið stök eða myndað stutta setningu. Engar kröfur eru gerðar um gæði mynda en æskilegt er að mynd sé í langsniði (landscape) og orð eða setning vel sýnileg. Skólum, embættum, félagasamtökum og úrræðum er frjálst að hafa auðkenni sitt (logo) á myndinni.

Myndbandið verður í svipuðu formi og sjá má hér: <https://www.youtube.com/watch?v=EDM2FxoXpLs&t=1s>

Með fyrirfram þökk og von um þátttöku.

Kær kveðja,

Stjórn Alþjóða geðheilbrigðisdagsins